

## STJÓRN SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2003. Mánudaginn 11. desember var haldinn 234. fundur Stjórnar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn á Frikirkjuvegi 11 og hófst kl. 17:45. Viðstaddir voru: Ingvar Sverrisson formaður, Páll Grétarsson, Páll Ármann Eggertsson, Sigurður B. Guðmundsson, Ingi Þór Hermannsson, Andrés Ingólfsson, Egill T. Jóhannsson og Sigmar Eðvardsson. Jafnframt: Logi Sigurfinnsson framkvæmdastjóri, Þorsteinn Hjaltason fólkvangsvörður og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem skrifaði fundargerð.

### **Þetta gerðist:**

1. Lögð fram fundargerð seinasta fundar. Ekki gerðar athugasemdir.
2. Lagt fram tilboð í stólalyftu fyrir skíðasvæðið í Bláfjöllum. Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu:  
Stjórn skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins felur formanni og framkvæmdastjóra að ganga til samninga við Poma vegna kaupa á fjögurra sæta skíðalyftu samkvæmt því tilboði sem liggur fyrir fundinum. Jafnframt er formanni og framkvæmdastjóra falið að ganga frá samkomulagi við Reykjavíkurborg vegna fjármögnunar. Samþykkt samhljóða.
3. Lagt fram árshlutauppgjör ásamt útkomuspá og áætlun fyrir 2004. Framkvæmdastjóri mun á næsta fundi leggja fram fjárhagsáætlun fyrir 2005-2007.
4. Lagt fram yfirlit yfir veðurskilyrði í Bláfjöllum veturinn 2002 og 2003. Jafnframt rætt um snjóframleiðslu m.t.t. veðurs. Fólkvangsverði falið að safna saman fleiri upplýsingum um veðurskilyrði í Bláfjöllum og Skálafelli.

### **Fundi slitið kl. 19:10.**

Ingvar Sverrisson

Páll Ármann Eggertsson  
Sigurður B. Guðmundsson  
Ingi Þór Hermannsson  
Andrés Ingólfsson

Páll Grétarsson  
Sigmar Eðvardsson  
Egill T. Jóhannsson